



Reykjavík 29.06.2022

Til stjórnar LH

ÚRSKURÐUR AGANEFDAR L.H.

Mál nr. 3/2022:

Með tölvupósti sem barst nefndarmönum í Aganefnd LH þann 20.06.2022 var atviki sem vísað er til í móttsskýrslu á Félagsmóts Freyfaxa, sem haldið var 18.-19.06.2022 vísað til meðferðar hjá Aganefnd.

Aganefnd lítur svo á að í skýrslu og athugasemdum yfirdómnefdar hafi falist kæra til aganefndar á grundvelli greinar 8.5.8.,

„Á móturnum þar sem ekki keppa lið er gengið út frá því að knapi og hestur séu heilbrigðir og tilbúnir til þátttöku nema annað sé tilkynnt sérstaklega, að minnsta kosti einni klukkustund áður en fyrstu úrslit í viðkomandi grein hefjast. Eftir þau tímamörk er einungis unnt að draga sig til baka úr úrslitum liggi fyrir staðfesting dýralæknis eða læknis, sem skoðar hestinn á keppnisstað, á veikindum eða helti hestsins eða knapa þegar við á, eða samkvæmt ákvörðun yfirdómara. Að öðrum kosti strikast allur árangur knapans út af mótinu og hann dæmist í tveggja vikna keppnisbann er hefst á mánudegi eftir að móti lýkur.“

Úrskurðarorð

Reynir Atli Jónsson er úrskurðaður í tveggja vikna keppnisbann frá og með 20. júní 2022 og árangur hans á mótinu skal þurrkaður út.

Úrskurð þennan skal stjórn LH birta kæranda.

Úrskurðinn má kæra til dómstóls ÍSÍ samkvæmt reglum ÍSÍ þar um.

Aganefnd LH

Þorvaldur Sigurðsson, formaður
Atli Már Ingólfsson, lögmaður
Sæþór Fannberg